

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 12. janúar 2021

Umsögn vegna frumvarps til laga um Barna- og fjölskyldustofu

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis til umboðsmanns barna, dagsettri 17. desember 2020, þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um Barna- og fjölskyldustofu.

Með tilkomu Barna- og fjölskyldustofu stendur til að leggja Barnaverndarstofu niður. Barna- og fjölskyldustofa kemur til með að taka við stærstum hluta þeirra verkefna sem nú er sinnt af Barnaverndarstofu. Í greinargerð kemur fram að meðal þeirra verkefna eru almennur stuðningur við stjórnvöld, ráðgjöf varðandi einstök mál og uppbygging og yfirstjórn heimila, stofnana og sérhæfðra úrræða. Önnur verkefni Barnaverndarstofu þá einkum þau er snúa að eftirliti muni fara yfir til nýrrar Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Það er framfaraskref að skilja hér á milli þannig að ráðgjöf og fræðsla verði ekki á hendi þess aðila sem fer með eftirlit.

Barna- og fjölskyldustofu er jafnframt ætlað að sinna þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Ef frumvarp um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna verður að lögum kemur Barna- og fjölskyldustofa einnig til með að sinna stuðningi við samþættingu á þjónustu ýmissa þjónustukerfa.

Stefnt er að því að Barna- og fjölskyldustofu verði miðstöð þekkingar og þjónustu í þágu barna. Umboðsmaður fagnar því að fjölga eigi stöðugildum sérfræðinga og því aukna fjármagni sem leggja á til vegna þeirrar fjölgunar. Þá er mikilvægt að boðaðar breytingar á barnaverndarlögum nái sömuleiðis fram að ganga til þess að frumvarp þetta hafi tilætluð áhrif og markmiðum þess

verði náð. Bagalegt er að frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum liggi ekki fyrir samhliða afgreiðslu þessa frumvarps.

Eitt af verkefnum Barna- og fjölskyldustofu verður umsjón með stafrænum gagnagrunnum, einkum er snúa að barnavernd og samþættingu þjónustu í þágu barna. Hér er um mikilvægt og þarft verkefni að ræða.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna